


Nr.: GAT-041	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 04		
Dags.: 08.11.2016	<b>Haustönn 2021</b>	
Höfundur: AMJ/ÓKR		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 11		

# ÍSLE1FL05

<b>Kvittun nemanda:</b>	.....
<b>Kennitala:</b>	.....
<b>Kvittun ábyrgðarmanns prófs (tekið <u>utan VMA</u>):</b>	.....

Skrifaðu nafn þitt og kennitölu í reitinn hér að ofan.

<b>Áfangi:</b>	<b>Lestur og tjáning í ræðu og riti</b>	<b>DAGS.:</b>	<b>9. desember 2021</b>
		<b>KL.</b>	<b>13:30 - 15:00</b>
<b>Kennari:</b>	<b>Daníel Freyr Jónsson og Snorri Björnsson</b>		
<b>Próflengd:</b>	<b>90 mínútur</b>	<b>Prófsíður:</b>	<b>11 (þ.m.t. forsíða)</b>

Hjálpargögn: Engin

Fylgiblöð: 0

<b>Lestu spurningarnar vel áður en þú byrjar að svara og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en Leiðbeiningar: þú skilar þeim inn.</b>	
<b>Prófið er 76 stig og gildir 35% af lokaeinkunn:</b>	
I. Málfræði, framsögn og textagerð	38 stig
II. Bókmenntir	39 stig

SKILAÐU PRÓFBLAÐINU ÁSAMT ÚRLAUSNUM OG VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL!

## I. Málfræði, framsögn og textagerð (38 stig):

1. Krossaðu við viðeigandi svar. **Aðeins eitt rétt svar við hverri spurningu.** (10 stig)

a) Hakaðu við **ranga** fullyrðingu.

- Lokaorð byrja vítt og enda þröngt.
- Bein ræða er afmörkuð með gæsalöppum.
- Spurningamerki jafngildir punkti.
- Íslenskar gæsalappir byrja niðri og enda uppi.

b) Málsgrein ...

- afmarkast af greinaskilum.
- er orðasamband sem inniheldur eina umsögn.
- hefst á lykilsetningu.
- byrjar á stórum staf og endar á punkti.

c) Hvað af neðangreindu á við um talmál?

- Það er eldra en ritmál.
- Formlegt orðalag er ráðandi.
- Umhugsunartími er langur.
- Lítið er um slettur og slangur.

d) Hvað af neðangreindu á **ekki** við um nafnorð?

- Nafnorð beygjast í föllum.
- Nafnorð geta staðið í eintölu og fleirtölu.
- Nafnorð bæta við sig greini þegar þau eru ákveðin.
- Nafnorð tíðbeygjast.

e) Hvaða orðflokki tilheyrir feitletraða orðið?

Ef góð voru börnin var Grýla svöng og raulaði **ófagran** sultarsöng.

- Nafnorð
- Sagnorð
- Lýsingarorð
- Fornafn



- f) Hvað af neðangreindu á **ekki** við um atvinnuumsókn?
- Atvinnuumsókn þarf að vera hlutlæg og formleg.
  - Í atvinnuumsókn koma fram ýmsar upplýsingar um umsækjanda t.d. reynsla og kostir.
  - Atvinnuumsókn er yfirlit yfir menntun og starfsreynslu atvinnuumsækjanda.
  - Atvinnuumsókn þurfa að fylgja ýmis fylgiskjöl s.s. prófskírteini og ferilskrá.

- g) Í hvaða línu er **feitiletraða** sérnafnið í **eignarfalli**?
- Boga** finnst notalegt að heyra vindinn gnauða í gluggunum.
  - Í snjókomu og byl langar **Boga** mest að vera úti í næsta skafli.
  - Ef það hefur snjóað vita vinirnir að þeir geta hitt á **Boga**.
  - Fjölskylda **Boga** skilur ekkert í þessu áhugamáli hans.

- h) Efnisyrding ...
- er í upphafi meginmáls og undirbýr lesandann fyrir það sem koma skal.
  - er í lok inngangs og segir frá því sem ætlunin er að fjalla um í ritgerðinni.
  - er útvíkkun efnis undir lok ritgerðarinnar.
  - er fyrsta málsgreinin í ritgerðinni og henni er ætlað að krækja í athygli lesandans.

- i) Í hvaða línu er **feitiletraða** orðið í miðstigi?
- Það er **fagurt** um að litast á vorin.
  - Hér er margt **fagurra** hluta.
  - Fegurri** mann er erfitt að finna.
  - Hún þykir **fegurst** kvenna.

- j) Hakaðu við rétta fullyrðingu.
- Slettur eru orð sem tekin eru úr öðrum tungumálum.
  - Atvinnuumsókn er yfirlit yfir menntun og starfsreynslu.
  - Íslenskar gæsalappir byrja niðri og enda uppi.
  - Talmál er yngra en ritmál.

2. Nefndu einhver **fjögur** atriði sem þarf að hafa í huga við munnlegan flutning. (2 stig)

---

---

3. Ljúktu við efnisgreinarnar. (9 stig)

a) Í eftirfarandi textabroti er verið að lýsa jólasíð frá Úkraínu. Settu inn **lykilsetningu** (1-2 málsgreinar) og **niðurlag** (1-2 málsgreinar) svo að úr verði fullgild efnisgrein. (2 stig)

\_\_\_\_\_ Þar er til síðs að setja kónguló í jólatréð. Einn helsti samkvæmisleikur jólanna er svo að finna sjálfa jólakóngulóna. Hún er vandlega falin í greinum jólatrésins, sem er svo gjarnan skreytt með litríkum kóngulóarvef. Yfirleitt er þetta einhvers konar gervikónguló, en það boðar mikla gæfu fyrir viðkomandi að finna þennan áttfætling. Þessi undarlegi síður byggist á úkraínskri þjóðsögu um afar snauða konu sem gat ekki skreytt jólatréð sitt vegna fátæktar. Lítil kónguló tók sig þá til og skreytti fyrir hana tréð með vef sínum. Um morguninn, þegar sólin sendi fyrstu geisla sína inn um gluggann, breyttust þræðirnir í gull og silfur og konan varð rík og hamingjusöm það sem eftir var ævinnar. \_\_\_\_\_

b) Hér að neðan er búið að gefa þér **lykilsetningu** og **niðurlag**. Þú átt að útbúa miðju sem passar við hvort tveggja svo að úr verði rétt mótuð efnisgrein. **Miðjan þarf að vera a.m.k. 4 málsgreinar.** (4 stig)



Á Íslandi tíðkast margir jólasíðir. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ Það er ekki nema von að margir hlakka til jólanna.

- c) Árið 2011 gaf Baggalútur út bókina *Týndu jólasveinarnir* þar sem kastljósinu var beint að nokkrum jólasveinum sem staðið hafa í skugga eldri bræðra sinna. Einn þessara jólasveina er Sledda. Eftirfarandi efnisgrein fjallar um hana en málsgreinarnar hafa ruglast. Raðaðu þeim saman, með því að númera þær 1-6, svo að úr verði fullgild efnisgrein. (3 stig)

- \_\_\_ Leppalúði, stjúpaðir hennar, hefur reynt að koma í veg fyrir að hún fái vinnu sem jólasveinn með öllum ráðum.
- \_\_\_ Þess vegna er hún ekki með tilskilið jólasveinspróf.
- \_\_\_ Hún hefur alltaf haft áhuga á jólasveinastarfinu en ekki eru allir hrifnir af því.
- \_\_\_ Hún lætur það ekki á sig fá og hefur náð töluverðum árangri sem jólasveinn.
- \_\_\_ Sledda er yngsta dóttir Grýlu og Bola.
- \_\_\_ Hún hefur þó aldrei fengið að mennta sig í faginu.

4. Breyttu eftirfarandi germyndarsetningum í þolmyndarsetningar (2 stig)

Kötturinn lepur mjólkina af disknum. \_\_\_\_\_

Málarinn málaði húsið hvítt og bleikt. \_\_\_\_\_

5. Í hvaða falli eru **feitletruðu** orðin og hverjir eru fallvaldarnir? (2 stig)

	Fall	Fallvaldur
a) Við bökuðum saman <b>köku</b> .	_____	_____
b) Skipið sigldi undir <b>brúna</b> .	_____	_____

6. Felldu orðin í svigunum inn í eyðurnar í **réttu falli**. (7 stig)

Þekkir þú systur (Baldur) \_\_\_\_\_? Þau systkinin búa í (gult hús)

\_\_\_\_\_ við hliðina á (Jón Egill) \_\_\_\_\_.

Ég hitti (Anna Sóley) \_\_\_\_\_ þegar ég var þar í gær. Ég gleymdi

(trefill) \_\_\_\_\_ mínum og (lykill) \_\_\_\_\_ og

var læst úti. Á leiðinni heim sá ég (grimmur hundur) \_\_\_\_\_

á (breiður vegur) \_\_\_\_\_ hjá (Glerá) \_\_\_\_\_ gili.

7. Útdráttur (6 stig)

- 1) Hér að neðan er textabrot sem fengið er af heimasíðu Þjóðminjasafnsins. Lestu textann vandlega yfir.
- 2) Skráðu aðalatriði/lykilorð hvorrar efnisgreinar á spássiuna til hliðar. (2 stig)
- 3) Notaðu atriðin á spássiunni til að skrifa 50-80 orða útdrátt, **eina** efnisgrein.  
**Mundu að gera fyrir sögn.** (4 stig)

Á Íslandi hefjast jólin kl. 18:00 á aðfangadag, þann 24. desember og stendur hátíðin fram að þrettánda, þann 6. janúar. Á norðurljóð eiga þau sér ævafora sögu tengda vetrarsólvörfum en ekki er vitað nákvæmlega hvenær jól voru haldin í heiðnum sið en sennilegt þykir að það hafi verið gert með fullu tungli í skammdeginu. Ekki vita menn heldur hvernig heiðin jól voru haldin, nema að þau voru „drukin“ með matar- og ölveislum og buðu íslenskir höfðingjar oft fjölmenni til jóladrykkju.

Síðar féllu norræn jól saman við hina kristnu fæðingaráttíð frelsarans en um það leyti sem kristni barst til Íslands var hátíðin löngu komin í fastar skorður innan Rómarkirkjunnar. Vert er að geta þess að suður við Miðjarðarhaf hafði það sama gerst nokkuð fyrr en þar runnu heiðnar hátíðir einnig saman við kristnar. Þannig urðu aldagamlar skammdegishátíðir að hátíð frelsarans, þar sem ýmist fæðingu hans eða skírnn var fagnað. Á 4. og 5. öld komst sú venja víðast á í hinum kristna heimi að minnast fæðingar frelsarans þann 25. desember en skírnnarinnar og tilbeiðslu vitringanna þann 6. janúar, en til þessa má rekja hugmyndina um jóladagana þrettán.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## II. Bókmenntir (39 stig):

8. Paraðu saman hugtök úr vinstri dálki við viðeigandi dæmi í hægri dálki. **Athugaðu að 2 atriði í hægri dálki ganga af.** (4 stig) **ATH! Dregið verður frá fyrir að merkja við alla möguleika.**

- A. Persónugerving      \_\_\_ Ataður svörður sem áður var hreinn
- B. Viðlíking            \_\_\_ Úr brumi gægist lítið lauf líkt og tippi úr buxnaklauf
- C. Ýkjur                \_\_\_ Því ekkert er til nema aðeins það sem ekki er til
- D. Vísun                \_\_\_ ... heyra mátti mílur þrjár, hans hjartað sprakk
- E. Hluti fyrir heild    \_\_\_ ... grenitrén eru spegill sem endurvarpar ást þeirra.
- F. Andstæður          \_\_\_ Tveir rauðbrystingar flögra um í svölu morgunloftinu.
- G. Myndhverfing      \_\_\_ Vekjaraklukkan geispar af mæði
- H. Endurtekning      \_\_\_ ... það eru engir prinsar eftir til að brynna þeim  
\_\_\_ Ég minnst tveggja handa er hár mitt struku  
\_\_\_ Tunglið, tunglið taktu mig og berðu mig upp til skýja

9. Skrifaðu **S** við **sannar** staðhæfingar og **Ó** við **ósannar**. (3 stig) **Dregið er frá ef sami bókstafurinn er settur alls staðar.**

- a) Alvitur sögumaður er tegund sögumanns í 1. persónu frásögn. \_\_\_\_\_
- b) Endarím er kallað runurím ef allar braglínurnar ríma saman. \_\_\_\_\_
- c) Sögumaður með takmarkaða vitneskju les ekki í huga neinnar persónu. \_\_\_\_\_
- d) Flétta er hugtak sem er notað um sögupráð skáldverks. \_\_\_\_\_
- e) Breytilegt sjónarhorn felur í sér að sjónarhornið færast milli persóna. \_\_\_\_\_
- f) Ytri tími segir til um hvenær tiltekin saga á sér stað. \_\_\_\_\_

10. Krossaspurningar. **Aðeins einn möguleiki er réttur.** (4 stig)

- a) Hvaða stílbragði er lýst svo? *X felur í sér að andstæðum hugtökum er stillt upp saman þannig að útkoman virðist merkingarlaus við fyrstu sýn.*
- ( ) Endurtekning
- ( ) Úrdráttur
- ( ) Þversögn
- ( ) Orðaleikur

- b) Hakaðu við **rétta** fullyrðingu.
- ( ) Sögumaður í 2. persónu frásögn stendur utan sögunnar og lýsir því sem sést og heyrist.
  - ( ) Hápunktur sögu er kallaður ris.
  - ( ) Veraldlegt umhverfi nær til vina, fjölskyldu, efnahags og stöðu sögupersónu.
  - ( ) Óbein persónulýsing kemur beint frá sögumanni og tengist gjarnan útliti.

c) Í hvaða línu má finna dæmi um **myndhverfingu**?

- ( ) Svo þögul og djúp er þessi nótt.
- ( ) Sólglampandi fiðrildi eru flugvélar á kvöldin.
- ( ) Hann var eins og hengdur upp á þráð þegar hún var nærri.
- ( ) Sólin tekur mynd af mér milli þess sem rigning er.

d) Hugtakið **flækja** er notað um ...

- ( ) átök í framvindu sögu.
- ( ) ítarlega endursögn í löngu en vönduðu máli.
- ( ) innri tíma smásagna.
- ( ) fyrirsögn fréttar í dagblaði.

11. Hver er frásagnarhátturinn (sjónarhorn) í eftirfarandi textabroti úr smásögunni

*Endurfundur? Rökstyddu svarið!* (2 stig)

Fyrir fimmtán árum fannst mér hún smá, en nú finnst mér hún vera orðin brothætt eins og þrastaregg.

---

12. Bragfræði (7 stig)

- a) Settu inn bragliði í eftirfarandi ljóði. (2 stig)
- b) Settu hring utan um **stuðla og höfuðstafi**. (2 stig)
- c) Hvaða **rím** má finna í ljóðinu (endarím/innrím)? (3 stig)

Nam hann ungur íslenskt mál

erfði tungu spaka

en loppu þunga lagði á sál

lífsins hungurvaka



13. Lestu eftirfarandi textabrot úr smásögunni *Endurfundir* og segðu í stuttu máli frá félagslegu umhverfi gömlu konunnar. (3 stig)

Þegar ég kem inn á stofuna er gamla konan komin upp í rúm og er að hlusta á Gufuna með augun aftur og teppi yfir sér. Persónulegir munir hennar komast nú allir fyrir í einni náttborðsskúffu þrátt fyrir langa ævi og ég sé að það er ekki alveg búið að taka upp úr töskunum sem gapa á móti mér. Á hvítu náttborðinu er lítið ættarmót og heilu fjölskyldurnar brosa til mín; innrammaðar og sumar svarthvítar. Útvarpið frussar truflunum þegar ég geng að rúminu með súrmjólk í bolla.

---

---

---

---

---

---

---

---

14. **Lestu eftirfarandi texta og svaraðu meðfylgjandi spurningum. (11 stig)**

Húsbóndinn kastaði á mig kveðju um leið og hann kastaði af sér vatni upp við húsvegginn. Ég lagði mig í djúpu grasi sem kitlaði mig í golunni. Fámælti unglingsanginn í forugu stígvélunum kjassaði mig og þuldi upp vélræn ástarorð. Ég malaði svo hátt að ég heyrði ekki húsfreyjuna kalla á unglingsinn í húsverkin. Og þegar ég leit undan sólinni sá ég þúsundir lítilla díla. Rétt eins og freknur unglingsins hefðu orðið eftir í loftinu. Bæjarlækurinn reyndi að lokka mig til sín og hundurinn sendi illilegt augnaráð. En ég áræddi að mjaka mér frekar úr hitanum og kíkja í matardallinn. Meira að segja suðsyngjandi flugurnar náðu ekki að færa fjör í loppurnar. Húsfreyjan með svuntuna sparkaði til mín þegar ég þvældist fyrir eldhúsverkunum. Hún kærði sig kollótta um mig. Hún fussaði „kattarhelvítið!“ um leið og hún laumaði rjómasprænu yfir nýsoðinn fiskinn í dallinum. Hvað ég elskaði hana.

1) Hvert er sjónarhornið í þessum texta? Rökstyddu svarið. (1) \_\_\_\_\_

---

---

2) Hver er sögumaðurinn? Rökstyddu svarið. (2) \_\_\_\_\_

---

3) Hver er innri tími sögunnar? Rökstyddu svarið. (2) \_\_\_\_\_

---

---

4) Hvenær ársins á sagan sér stað? Rökstyddu svarið. (2) \_\_\_\_\_

---

---

5) Hvar gerist sagan? Rökstyddu svarið. (2) \_\_\_\_\_

---

---

6) Hvað finnst húsfreyjunni um sögumann? Rökstyddu svarið. (2) \_\_\_\_\_

---

---

15. Lestu eftirfarandi ljóð og leystu meðfylgjandi verkefni. (5 stig)

**föðurland**

Þreyttur dagurinn

leitir á önnur mið

í frostbitnum febrúar

hjúfrar sig upp að sjóndeildarhringnum

nývöknuð nóttin

nuddar stíurnar úr augunum

klæðir sig í lopapeysu

og rennir sér niður frosið fjallið

faðmar ískalt hjarnið

í síðum nærbuxum

a) Um hvað fjallar ljóðið? **Rökstyddu svarið!** (2 stig) \_\_\_\_\_

b) Skrifaðu **S** við **sannar** staðhæfingar og **Ó** við **ósannar**. (3 stig) **Dregið er frá ef sami bókstafurinn er settur alls staðar.**

\_\_\_\_\_ Persónugerving er ráðandi myndmál í ljóðinu.

\_\_\_\_\_ Í ljóðinu er enginn orðaleikur.

\_\_\_\_\_ Eina andstæðu er að finna í ljóðinu.

\_\_\_\_\_ Áhersla á frost og kulda flokkast sem breytt endurtekning.

\_\_\_\_\_ Stílbragðið háð er áberandi í þessu ljóði.

\_\_\_\_\_ Orðalagið í *frostbitnum febrúar* er dæmi um túlkunaratriði.

\_\_\_\_\_ Titill ljóðsins felur í sér tvíræðni.